

AUGLÝSING

um (2.) breytingu á auglýsingu um (1.) staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta, nr. 271/2021.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. reglugerðarinnar:

- a. Fyrirsögn 1. mgr. vegna Sveitarfélagsins Árborgar (löndunarskylda í Þorlákshöfn, vinnsluskylda innan sveitarfélags) breytist og verður: Sveitarfélagið Árborg (vinnsluskylda innan sveitarfélags).
- b. Ákvæði a-liðar 1. mgr. vegna Sveitarfélagsins Árborgar breytist og verður svohljóðandi:
 - a) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1. september 2020 til 31. ágúst 2021.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem birt er samkvæmt heimild í 5. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 26. mars 2021.

Kristján Þór Júlíusson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir.